



Ræða  
Forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á  
Hólahátíð  
16. ágúst 1998

Biskup Íslands,  
vígslubiskup,  
heiðruðu hátíðargestir.

Þegar Jón biskup Helgason var við vegamót fyrsta og annars fjórðungs þessarar aldar að rita niðurlag hinnar miklu sögu sinnar um kristni Íslands leitaði hugurinn að kjarnanum í baráttu, amstri og trúboði sem verið höfðu ævistarf kirkjunnar þjóna, klerka, biskupa og safnaða öld af öld, frá árdögum landnáms til samtíma hins ötula og lærða sagnaritara.

Hann hafði rakið kristniboð og aðdraganda kristnitöku, helgisiði og kristnihald; viðburðaríka sögu Hólastóls og Skálholts, sóknarskeið og hnignunartíma, togstreitu um völd og veraldleg gæði, innan kirkju og utan; átök um nýjan sið, aftökur og ógnir; lofgjörð í helgum textum, hómelíum og sálmasöng; varðveislu íslenskrar tungu með útgáfum testamenta og postillum til húslestra, meistaraverkum sem héldu hita á bændum og búaliði þegar bylur og frosthörkur herjuðu á torfbæi; frásagnir um prestastefnur og kirkjuvald, embættiserjur og ágreining, rétttrúnað og umbylting; upprisu íslenskrar kirkju frá oki erlendra áþjánar til frelsisskeiðs fátækrar þjóðar sem sótti innblástur og styrk í arfleifð trúar og tungu, guðspjöllin sem í orðklæðum Odds, Hallgríms og Vídalíns, útgáfum Guðbrandar, sálmum og predikunum presta og prófasta höfðu varðveitt þá menningu sem að lokum færði þjóðinni sjálfstæði og leiddi hana á ný til Þingvalla; fyrst til að fagna þúsund ára tíð frá landnámi, síðan þúsund ára sögu þings og löggjafar og nú innan tíðar til að lofsyngja þúsund ár kristinnar trúar í landi okkar. Hátíðaprenning íslenskrar þjóðar: landnám, þing og kristni.

Hinn lærði biskup lítur yfir farinn veg við lok sinnar miklu kirkjusögu sem skrásett var í kjölfar heimsstríðsins fyrra þegar Íslendingar höfðu fagnað fullveldi og fyrirheiti um sjálfstætt lýðveldi í fyllingu tímans.

Lærdómurinn sem Jón biskup Helgason færir okkur í niðurlagsorðum Kristnisögunnar er ekki aðeins vitnisburður um lífssýn viturs kirkjuhöfðinga í árdaga nýrra frelsistíma heldur einnig efniviður sem vel má nýta þegar við nú, þjóð og kirkja, leitum í sameiningu að leiðarljósi fyrir nýja öld, nýtt árþúsund, vegvísunum á helgistundum hér á Hólum og í Skálholti, í sóknum landsins og prófastsdæmum á þeim misserum sem senn leiða okkur til hinnar miklu hátíðar á Þingvöllum.

„Þegar vér að lokum,“ ritar Jón biskup, „rennum augum vorum aftur yfir liðinn tíma og virðum fyrir oss þróunarferil kristnihaldsins hér á landi frá því er fyrst var fluttur hér fagnaðarboðskapur kristinnar trúar um hjálpræði guðs í Jesú Kristi, þá er þess ekki að dyljast, að oft hefir kristni lands vors átt við erfið kjör að búa engu síður en þjóðin sjálf, sem í skjóli kirkju Krists hefir lifað lífi sínu úti hér og háð baráttu sína fyrir einatt fátæklegri tilveru sinni. En þótt kristni þjóðar vorrar hafi oftlega átt erfitt uppdráttar og annmarkarnir á kristnihaldi voru einatt verið miklir, þá vottar þó, þrátt fyrir alt, þróunarferill íslenzkrar kristni um meira en níu hundruð ár, að guðs heilagi andi hefir verið að verki úti hér ekki síður en annarsstaðar, þótt starfað væri í kyrþey og hávaðalaust. Þrátt fyrir ís og kulda úti hér, þrátt fyrir margvíslega baráttu vora og raunir, og þrátt fyrir fátækt vora og einangrun, hefir guðs eilífa ríki rutt sér til rúms innan þjóðlífs vors og „máttur guðs fullkomnast í veikleikanum“ ekki síður með oss en með öðrum þjóðum.“

Þessi ályktun Jóns biskups Helgasonar í niðurlagi Kristnisögu er jafngild sem lærdómur og spádómsorð við lok umbrotaaldar og þegar hann reit þau við fyrstu mörk fjórðunganna. Það er í senn víðsýni og trúarvissa sem færa kirkjuföðurnum bjartsýni í brjóst þótt óáran, átök og hörmungar hafi vissulega oft sett sterkan svip á margan bálk í frásögninni.

Þótt oft séu tíðindin með ólíkindum, sé sagan skoðuð frá sjónarhóli samtímans, er vafasamt að nokkur Hólabiskup hafi hlotið jafn kaldar kveðjur og Jón blessaður Vigfússon þegar hann kom hér til staðarins á endaskeiði hinnar sautjándu aldar. Segir svo í Kristnisögu:

„Ekki færri en 16 af helztu prestum Hólastiftis og meðal þeirra sjálfur kirkjupresturinn á Hólum, séra Þorsteinn Gunnarsson, neituðu að viðurkenna hann sem yfirmann sinn vegna þess ámælis, sem á honum hafði legið fyrir verzlun og veraldlegar sýslanir. Rökstuddu þeir mótmæli sín í kæruskjali, sem þeir sendu konungi þá um haustið. Voru aðalkæruatriðin þau fjögur, er nú skal greina: 1. að hann hafi verið sakaður um galdur og orðið að sverja af sér þá grunsemi, þar sem þó biskupi byrji að hafa góðan vitnisburð af þeim, sem fyrir utan er, „uppá það hann hrapi ei í forsmán og snöru lastarans“ (I. Tím. 3,7); 2. að hann hafi fyrir „tóbakshöndlun við framandi ófríhöndlara“ verið dæmdur frá sýslumannsembætti og afsettur, en síðan „fyrir ranga undirréttingu og assistens náð háverðugu biskupsembætti, enda þótt biskupi byrji að vera óstraffanlegum, svo sem guðs tiljónarmanni (Tít. 1,7); 3. að hann hafi, eftir að hann varð biskup, „svo sem veraldlegur handelsmann haft stóra tóbakshöndlun með excessive háu verði“, þar sem biskup eigi þó ekki að vera „neins skemmilegs ávinnings gírugur“ (Tít. 1,7); 4. bera þeir brigður á, að hann sé réttilega að þeirri vígslu kominn, sem hann hafi fengið; hann hafi ekki getað lagt fram nein testimonia, sízt af öllu „testificationem theologicam“, enda muni hann aldrei hafa verið theologiae studiosus. Hann hafi því látið vígjast hér á landi, að hann hafi ekki treyst sér til að standast examen theologicum fyrir þeim hálærðu í Danmörku. Á næsta sumri var skipuð nefnd presta, undir forsæti Þórðar biskups í Skálholti og Heidemanns landfógeta, til að rannsaka nefnd kæruatriði, og var báðum málspörtum stefnt til að mæta fyrir rannsóknarrétti þessum á Þingvöllum 3. og 4. júlí.“

Það þarf engan að undra að Jón biskup Helgason hafi, eftir að færa í letur slíka frásögn af kirkjunnar mönnum og reyndar fleiri slíkar kjarnyrtar og skrautlegar á mælikvarða aldar hans og okkar, talið nauðsynlegt að flytja kirkju Íslands, prestum og söfnuðum, þjóðinni sjálfri til sjávar og sveita, áminningu til skilningsauka, vegvísi og veganesti: að missa eigi sjónir á kjarna kristninnar þótt ágreiningur og togstreita séu svipmót kirkjuhaldsins.

Boðskapur biskupsins, innblásinn af áralangri elju við að skrá og skilja nær þúsund ára sögu íslenskrar kristni og trúarlífs á einnig ríkulega erindi við okkar tíð.

Vísdómsorð sagnaritarans veita okkur mikilvæga viðmiðun og ættu að auðvelda öllum að ná jafnvægi og andlegri ró þegar ólík viðhorf og jafnvel ágreiningur móta orðræðu á vettvangi kirkjustarfs og prestafunda.

„Það, sem einkum á að gera horfurnar svo ískyggilegar fyrir kristnihald þjóðar vorrar,“ ritar Jón biskup við lok hinnar miklu sögu, „er sá stefnumunur, sem komið hafi í ljós innan kirkju vorrar. Um þetta er talað sem harmsefni, sem ískyggilegt tákn tímans. En svo þarf ekki að vera, enda eru til þessa eðlilegar orsakir. Sumpart er þetta afleiðing þess, að vér höfum öðlast fullkomið trúarbragðafrelsi, sem menn höfðu ekkert af að segja á fyrri tíð. En sumpart liggur það beinlínis í mannlegu eðli, að svo hlýtur að vera, enda er ekkert það kirkjufélag til í veröldinni, þar sem ekki bólar á ólíkum stefnum. Vér getum ekki fremur í andlegum en tímanlegum efnum verið allir sömu skoðunar í öllu. Og þótt vér séum kallaðir til að verða allir eitt í trúnni, þá leiðir ekki því, að vér eigum að vera allir eins. Kristna trúin er að sjálfsögðu sameign allra kristinna manna, en sérhverjum kristnum manni er heimilt að gera sér grein fyrir trú sinni og mynda sér sjálfstæðar skoðanir á innihaldi hennar eins og samvizka hans býður honum; og við það myndast hinar ólíku stefnur. En þetta þarf ekki að vera mönnum harmsefni. Vildu menn í alvöru leggja sér á hjarta hið forna spakmæli Ágústínusar: „Eining í því sem mestu skiftir, frelsi í því, sem vafa er undirorpið, en kærleikur í öllu“, þá ætti stefnumunurinn að geta orðið til góðs og til þess að fegra kirkjulífið og gera það fjölbreytilegt. Og þá ætti líka að vera fyrir það girt, að góðir kristnir menn hröpuðu í þá synd, að dæma annarlegan þjón og að grípa til ranglætisvopna tortryggingar og fyrirdæmingar af misskilinni vandlætingu vegna drottins. Þá ættu menn, þrátt fyrir allan stefnumun, að geta skipað sér í fylkingu hver með öðrum undir sameiginlegu sigurmerki trúarinnar á guð í Jesú Kristi, sem er „orðinn oss vísdómur frá guði, bæði réttlæti og helgun og endurlausn.“

Því að yfir allan stefnumun innan kirkjunnar bæði hér á landi og annarsstaðar gnæfir hátt hið sameiginlega og háleita takmark Krists-fyllingarinnar. Sé einhuga að því takmarki kept af þeim, sem Kristi vilja tilheyra og játa hann í einlægni „drottin guð föður til dýrðar“, þá er ekkert að óttast og engu að kvíða. Með það takmark fyrir augum og með vitnisburð liðinna níu alda í hjarta, sem allur er vitnisburður um trúfesti guðs við þjóð vora og kirkju, getum vér með hug og djörfung horfzt í augu við ókomna tímann, enda þótt blika kunni að sjást á lofti, og sagt með postulanum í trú guðs sonar:

„Ef guð er með oss, hver er þá á móti oss?“ (Róm. 8,31).

Já, með hug og djörfung skal horfst í augu við ókominn tíma; slík er hvatning hins lærða biskups að loknu miklu verki um kristnisögu Íslendinga. Bjartsýni, sóknarkraftur, umburðarlyndi og trúarvissa einkenndu veganestið sem rannsókn á nær þúsund ára kristnidómi ættjarðarinnar færði Jóni biskupi Helgasyni. Vissulega sér þess víða stað að hugur hans leiftraði við þá sýn að senn myndi þjóð hans og kirkja ganga um vegamót árpúsundanna þegar hátíð yrði Kristi helguð í margföldum skilningi.

Hinn mikli söfnuður bræðra og systra sem ber merki Krists um allan heim mun þrátt fyrir ólíkar kenningar um hollustu, skilning og rétttrúnað sameinast í fögnuði þegar 2000 ár verða liðin frá fæðingu frelsarans; þakka og biðja en spyrja um leið: Hvað boðar nýrrar aldar sól? Hvað býr í móðu framtíðar? Hverju umbyltir árpúsundið sem í hönd fer?

Á þeirri löngu tíð sem liðin er frá fæðingu Krists hefur mannkyn aðeins einu sinni fyrr staðið á slíkum vegamótum. Þá ríktu grimmd og harðræði í álfu okkar og aðrir heimshlutar voru óþekktir í skilningi vestrænnar menningar; aðeins sóknndjarfir víkingar sigldu frá Íslandi um Grænland til vesturs, fundu að vísu nýtt meginland en létu það fljótt úr greipum ganga; leið á ný nær hálf túsund uns önnur för var gerð sunnan að á sömu slóðir.

Nú býr mannkyn að tækni og vísindum sem ganga á hólmi við sjálft frumefni mannsins og lögmál náttúrunnar, sköpunarverkið sem áður var kennt að einungis væri Guði til dýrðar.

Nú sendir maðurinn flaugar og hnetti út í himingeim til að færa fréttir um ný sólkerfi og stjörnskóga, jafnvel aðra tilveru sem við kjósum á stundum að nefna „annað líf“ vegna skorts á orðum sem betur hæfa slíkum undrum.

Þegar hinn þekkti heimur verður í annað sinn frá komu Krists á vegamótum árpúsunda er breytingin slík frá hinu fyrra sinni að þótt við Íslendingar tölum enn sömu tungu og þeir sem kristni lögtóku á Þingvöllum er veröld þekkingar, tækni, vísinda, lífshátta og samskipta orðin svo breytt að það ögrar nánast óbærilega skilningi okkar og getu að glíma við hina áleitnu spurn: Hvað verður um manninn sjálfan, sálarheill hans og lífssýn, vísindi og tækni, þekkingu og hæfni þegar í þriðja sinn, árið 3000, verður komið að sams konar vegmótum?

Við Íslendingar höfum skiljanlega verið með hugann einkum við þá kristnihátíð sem helguð verður okkar eigin sögu, þúsund ára tíð frá þeim einstæða viðburði þegar vitrir menn réðu för á lögþingi og færðu þjóðinni kristnidóm með fulltingi hins lýðræðislega þjóðveldis, án þeirra mannfórna og blóði drifnu vígvalla sem víðast hvar fylgdu slíkum þáttaskilum.

Á þeim tímum þegar við höldum til Þingvalla eigum við samleið með bræðrum okkar og systur um veröld víða sem spyrja á mikilfenglegum tímamótum:

Hver erum við? Hvert ætlum við? Hvað um vegferð okkar og markmið? Hverju þjóna tæknin og vísindin sem gáfur og atorka hafa gefið okkur? Hvernig varðveitum við lífríki jarðarinnar, sjálft sköpunarverkið í allri sinni dýrð? Hvernig skiptum við gæðunum í þágu hinna fátækustu meðal bræðra og systra víða um veröld? Hvernig ávöxtum við okkar pund?

Hvert er erindi okkar hvers og eins, þjóðar okkar, Íslendinga, íslenskrar kirkju við þær milljónir sem deila með okkur dvöl í þorpinu Jörð?

Við þau vegamót árpúsundanna sem í vændum eru er mannkyn í fyrsta sinn í krafti tækni sinnar, þekkingar og hæfni að nálgast sjálfan meistara sköpunarverksins.

Vísindin eru nú farin að rannsaka erfðaeefnið sjálft, kortleggja samspil eigindanna sem glæða einstaklinginn einkennum móður og föður, komin að kjarnanum í myndvefnaði sköpunarinnar.

Verður þessari þekkingu beint í farveg sem samræmist lögmálum siðgæðis og trúar? Verður lækning sjúkdóma, uppgötvun lyfja og heilsuvernd á grundvelli erfðaeiginda hvers og eins þeir vegvísar sem hinar máttugu rannsóknastofnanir munu fylgja – eða verður freistingin að gerast herra sjálfrar sköpunarinnar svo ómótstæðileg að innan tíðar verði karlar og konur hönnuð á tilraunastofum líkt og nú þegar er raunin um mýs og kindur?

Sú umræða sem fram hefur farið í samfélagi okkar um hin nýju fræði erfðagreiningarinnar er því miður enn skorðuð um of við þröngan stakk viðskiptahagsmuna einstakra fyrirtækja, kröfur um einkarétt á söfnun og flokkun erfðaefnis Íslendinga til að styrkja vígstöðu á verslunartorgi kauphallanna.

Við þurfum hins vegar, bæði sem þjóð og einstaklingar, að sjá og skilja til hlítar samhengið í sérstöðu Íslendinga, íslenskra rannsóknargagna, og tæknibyltingunum sem einkenna framrás vísindanna.

Á þessu sumri hafa örlögin hagað því svo að ég hef í Bandaríkjunum átt kost á samræðum við öndvegisfólk í framvarðasveit læknisfræði og erfðavísinda, fólk sem beitir bestu tækni rannsókna og upplýsingavinnslu sem völ er á til að færa mannkyni von um lækningu á ýmsum helstu sjúkdómum sem herja á samfélag okkar, ættingja og vini, forelda, börn og sálufélaga, heimsbyggð alla.

Í ljósi þeirra samræðna er ég sannfærður um að við Íslendingar eigum að ganga hægt um þessi nýju og óþekktu hlið, hyggja vel til allra átta, rasa ekki um ráð fram.

Tíminn er nægur. Nú og á næsta áratug verða aðeins tekin byrjunarskrefin á þróunarbraut erfðavísindanna þótt þau muni síðar og að líkindum langt fram eftir næstu öld verða í háseti þekkingarsköpunarinnar.

Vegna samspils þjóðareinkenna okkar og rannsóknargetu erfðavísindanna höfum við Íslendingar í aðdraganda hins nýja árpúsunds betra tækifæri en nokkru sinni fyrr frá landnámi og kristnitöku til að

verða mannkyni öllu til blessunar, leggja grundvöll að lækningu og heilbrigði milljóna manna um heim allan sem annars myndu lúta í lægra haldi í glímunni við krabbamein, hjartveiki eða tugi annarra sjúkdóma sem nú læsa helgreipum um ástvini og ættingja.

En þá megum við hvorki láta þröngsýni eyjarskeggjans né hagnaðarvon fjárfesta blinda okkur svo að við tökum í skyndi ákvarðanir sem ganga þvert á heilbrigðishagsmunum alls mannkyns og reyndar einnig þvert á tækifæri íslenskrar þjóðar til velsældar og virðingar á nýrri öld.

Mér er til efs að við Íslendingar, þing og þjóð, samfélag og máttarstofnanir, þar með kirkjan sjálf, höfum fengið í hendur stærra viðfangsefni til úrlausnar, að jafn afdrifaríkar ákvarðanir hafi borist á okkar borð.

Afstaða okkar mun ráða úrslitum ekki aðeins um störf og hagsæld í okkar eigin landi heldur einnig um getu og hæfni vísindasamfélagsins um heim allan til að færa mannkyni lækningu, heilbrigði og betra líf um alla framtíð.

Það er ekki aðeins á umræðutorgi íslenskrar fjölmiðlunar sem fylgst er með framvindu þessara mála. Í fremstu vísindastofnunum heims er spurt: Hver verður afstaða Íslendinga? Vill íslensk þjóð rétta samstarfshönd til þeirra sem fremstir fara að þekkingu og tækni í för mannsins um ókunn lönd erfðavísindanna og hljóta um leið eðlilega umbun fyrir heimssögulegt framlagt sitt – eða verður haldið inn á braut sem allir þeir frábæru erlendu vísindamenn sem ég hef rætt við á þessum sumartíma telja í senn þröngt og ófært einstigi?

Sömu sérfræðingar og nú gefa Guðrúnu Katrínu og öðrum sem þjást af lífshættulegum sjúkdómum von um bata – sérfræðingar sem stjórnað hafa um langa hríð mikilvægustu rannsóknarstofnun krabbameinslækninga í heiminum; eru reyndar einnig í náinni samvinnu við þorra þeirra sem fremstir eru taldir í þessum fræðum, jafnframt því að þekkja betur en aðrir samspil fjármagns og rannsókna, fjárfestingar og markaðshagsmuna, lyfjafyrirtækja og alþjóðlegrar fjármögnunar – spyrja af einlægum áhuga um áform okkar Íslendinga og eru reiðubúnir að leggja þjóðinni lið.



Um leið og við hjónin höfum fylgst með undraverðri kunnáttu þeirra, uppskeru rannsókna sem úrvalssveit í vísindum og tækni hefur stundað í árafjöld til að þúsundir og milljónir manna um heim allan eigi lífsvon í erfiðum sjúkdómum, þá hefur verið áhrifarík reynsla að hlýða á orð þeirra og álit um hið nýja hlutverk íslenskrar þjóðar.

Það kann að vera leiðsögn æðri máttar að um leið og við Íslendingar búum okkur til að fagna þúsund ára helgi kristinnar trúar í landi okkar skuli þjóðin hljóta slík lykjavöld í glímu vísindanna við uppsprettur lífs og erfða, eðli mannsins og gerð, sjúkdóma og heilsu, líf eða dauða.

Ísland hefur löngum fóstorað slíka nálægð við framvindu sköpunarinnar að hún hefur mótað sjálfsmynd þjóðarinnar, hugarheim, skáldskap og örlagasagnir.

Þótt í gömlu testamenti sé okkur kennt að Guð hafi skapað heiminn á sex dögum og svo tekið sér hvíld, þá vitum við Íslendingar að það er ekki alls kostar rétt því almættið slepti hvíldinni þegar kom að Íslandi.

Hér hefur sköpun jarðarinnar haldið áfram í allri sinni dýrð: ný eldfjöll og hraunbreiður; jarðskjálftar, hverasvæði og jökulsprungur eru sýningarsvæði umbrotanna, nýjar eyjar rísa úr hafi, heimkynni landnáms gróðurs og dýra, líkt og í Eden forðum.

Hvergi er birting þessarar sköpunar þó jafn tignarleg og á Þingvöllum þar sem gjárnar marka samtengingu heimsálfanna Ameríku og Evrópu og hægt er að ganga á einni stund frá öðru meginlandinu til hins, vegferð sem tók árþúsundir að fara með öðrum hætti, hvort sem miðað er við Leif hinn norræna eða Kristófer suðræna.

Þingvellir, þríhelgur staður landnáms, þings og kristni, eru í senn kjörinn vettvangur til að fagna vegamótum árþúsundanna og ægifögur áminning um að sköpunarvinnan varir enn, að móðir Jörð er ekki lén okkur til leiks og gróða heldur arfleifð sem okkur ber að varðveita frá kyni til kyns, öld til aldar.

Maðurinn hefur nú öðlast getu til að eyða því sem Guð hefur skapað, tortíma á örskotsstund gjörvöllu lífríkinu eða sóa því smátt og smátt, útrýma fyrst einni plöntu og svo annarri, einum fugli og svo

öðrum, fiskitegundum og dýrum merkurinnar, reyta ár af ári æ meira af skrauti aldingarðsins til skammvinnns ávinnings eða lystisemda.

Kirkja sem býr sig til hátíðarhalda á slíkum umbrotatímum, bæði kirkja íslenskrar þjóðar og aðrir söfnuðir kristins samfélags, hvar sem heimkynni þeirra kunna að vera, hvaða tungur sem þeir kunna að tala, verður að hlýða kalli þessara örlagatíma, vera í fararbroddi þegar spurt er um tilgang og markmið, siðgæði og trú, lögmál góðs eða ills.

Lengi hefur freistingin verið viðfangsefni kirkjunnar og Biblían færir okkur í einföldum frásögnum boðskapinn um að hver maður skuli kappkosta að glata eigi sálu sinni þótt vel sé boðið á aðra hönd.

Áður fyrr fólst freistingin oftast í framferði á vettvangi daglegs lífs og hversdagslegri breytni.

Nú og enn frekar á hinu nýja árpúsundi snýst hún um örlagaarf mannsins sjálfs, lífríki Jarðar, sköpunarverkið í allri sinni dýrð.

Í þeirri vandasömu vegferð er hollt að geyma í minni orð biskupsins sem fyrr á öldinni lauk hinni miklu Kristnisögu Íslendinga með fararbæn sem fólst í þessum orðum:

„Hvað framundan er, veit Guð einn. En þótt allir vér, sem elskum land vort og þjóð, vonum, óskum og biðjum, að þjóðar vorrar og kristni hennar megi bíða gæfuhagur á komandi tíð, þá er þess ekki að dyljast, að það er að mörgu leyti undir sjálfum oss komið, hvort vér af fengnu og viðurkendu þjóðarsjálfstæði uppskerum bættan þjóðarhag. Það er fyrst og fremst komið undir því, hvort vér berum gæfu til þess að leyfa anda Jesú Krists að hafa þau umskapandi, helgandi og betrandi áhrif á þjóðarhjartað á komandi tíð, sem er skilyrði fyrir því, að þjóð vor sem kristin þjóð verði „góðilmur Krists fyrir guði“, þjóð sem „ástundar sannleikann í kærleika“, leidd af anda Krists. “